



Í bílakjallaranum eru 565 stæði. Í hönnun var lögð sérstök áhersla á björt rými með mikilli lofthæð og fáum burðarsúlum. Í burðarvirki eru notaðar kúluplötur í milligólf og þakplötu bílakjallarans. Kúluplöturnar draga úr eiginþyngd mannvirkisins og gera það að verkum að lengra er á milli súlna.

Bílakjallarinn er neðansjár og var hugað mjög vel að öllum þéttingum.

Kjallarinn er ankeraður niður, með 500 ankerum sem eru 12 til 17 metra löng, svo hann fljóti ekki upp.

Brýrnar yfir tjarnirnar eru í minningu bryggjana sem stungust þarna áður í sjó fram og mannfagnaða við skipakomur á Ingólfsgarði.



Verkkaupi

Portus og Situs

Upphaf framkvæmda

2009

Lagnir og loftræsikerfi

Verkís

Landslagsarkitektar

Landslag

Eftirlit

EFLA

Arkitektar

Batterið

Lok framkvæmda

2011

Burðarþolshönnun

Hnit

Raflagnahönnun

Verkís

Torgið fyrir framan Hörpu skiptist í þrjú svæði, aðkomutorg, fjölnotatorg og dvalarsvæði í krikanum sem byggingin myndar. Við hönnun svæðisins er skírskotað í sögu svæðisins frá því að vera ósnortin fjara þar sem lækurinn rann til sjávar yfir í það að vera hafnarssvæði.

Spegiltjarnir skapa hólmatilfinningu inni á torginu og fjarlægð frá aðliggjandi umferðargötu.